

Fundur í stjórn Foreldrafélagsins 6. nóvember 2013

Mættir voru:

Erla Rán, Vaka, Sigríður, Áshildur, Auður, Sólveig og Margrét

Árshátíð

Okkur finnst árshátíðarballið mjög dýrt. Spurning um möguleika á því að lækka einhvern kostnað því þetta er stór pakki fyrir sum heimili. Þarf endilega að vera matur fyrir ball? Ef það þarf að vera matur þarf hann að vera svona dýr? Geta foreldrar lagt til vinnu til að lækka kostnað?

Veitingaskipulagið á kaffisölu verður það sama og í fyrra. Öll heimili koma með einn rétt/köku. Í fyrra skiptum við veitingunum þannig að sléttu tölurnar komu með sætt en odda ósætt. Núna ákváðum við að hafa þetta í fastari skorðum og vonumst til að þetta skipulag geti haldið sér.

Röðun rétta eftir bekkjum verður eftirfarandi:

1. heitur réttur
2. marens
3. flatkökur með áleggi
4. pönnukökur eða grænmeti /ávexti og ídýfur
5. skinkuhorn eða pizzusnúðar
6. skúffukaka
7. salat, kex og ostar
8. terta/kaka (ekki skúffukaka)
9. muffins
10. heitur réttur

Best væri að fá starfsmann frá skólanum til að taka við veitingunum og merkja við hvaða heimili koma með veitingar. Svo verður metið fyrir veitingasölu hvort þurfi að baka vöflur.

Jólaball

Áshildur ætlar að sjá um að panta sveinka fyrir jólaballið.

Mötuneyti

Foreldrar hafa fengið kvartanir frá börnunum um vandan mat í mötuneytinu. Vaka og Áshildur ætla að ræða það á skólaráðsfundi hvað starfsfólki finnst um matinn.

Peningamál

Innheimtuseðlar eru komnir í heimabanka. Beiðni hefur komið frá skólanum um að kaupa hraðsuðuketil í matsal þannig að þau börn sem eru ekki í mat geti hitað sér vatn. Áshildur fer í málið.

SAMTAKA

Á fundum SAMTAKA hefur verið rætt mikið um foreldrarölt. Okkur finnst ekki þörf á því, betra að eiga það inni ef alvöru vandi brýst út í Naustahverfi. Við teljum að foreldrar þurfi að vera vakandi og fylgjast vel með börnunum sínum en þetta séu óþarfa áhyggjur eins og staðan er núna.

Bekkjarkvöld

Hægt gengur að halda bekkjarkvöld. Við vitum að 5. bekkur, 8. bekkur og 10. bekkur hafa nú þegar haldið bekkjarkvöld. Við minnum foreldrafulltrúa á viðburðina.

MA – leiksýning

MA sendi boð um nýja leiksýningu. Eftir reynsluna frá því í fyrra þurfti þónokkra umræðu um hvort kaupa skyldi þessa sýningu en ákveðið var að gefa Leikfélagi Menntaskólans eitt tækifæri enn og kaupa af þeim þessa sýningu. Ekki er enn komið alveg á hreint fyrir hvaða aldur sýningin er, en væntanlega 1.—3. bekk.

Önnur mál

Ábending til stjórnenda:

- Betra er að halda ekki halda ekki böll eða aðrar uppákomur sem greiða þarf inn á síðustu daga mánaðar þar sem þröngt er í búi hjá mörgum.
- Ef á að bjóða nemendum eitthvað til kaups sem kostar verulegar upphæðir þá á að bera það undir stjórn foreldrafélags eða viðkomandi foreldrahóp
- Ef um böll er að ræða þarf að leggja áherslu á gæslu og að leysa upp hópinn fyrir utan skólann eftir ballið sem þýðir að það þarf að skilgreina hversu marga þarf og hvað þeir eiga að gera.